# Heilsufarslegir áhættuþættir með þráðlausu neti í kennslustofu




**Sífellt fleiri skólar innleiða iPad og fartölvur inn í kennslustofuna sem tengdar eru þráðlausu skólaneti.  Með þessu á að undirbúa nemendur fyrir nútíma samskiptatækni á upplýsingaöld.  Algjörlega er litið framhjá heilsufarslegum afleiðingum þessa.**

Sífellt fleiri skólar innleiða iPad og fartölvur inn í kennslustofuna sem tengdar eru þráðlausu skólaneti.  Með þessu á að undirbúa nemendur fyrir nútíma samskiptatækni á upplýsingaöld. Algjörlega er litið framhjá heilsufarslegum afleiðingum þessa.

Margar rannsóknir sýna að stöðug örbylgjugeislun með þráðlausu neti eða WLAN sem og farsímar hafa margþætta annmarka og þá sér í lagi á börn.

Annmarka eins og t.d.  einbeitingarskort, hausverk, ADHS og allt upp í krabbamein. Þýska umhverfisstofnunin varar meira að segja við því að koma upp WLAN – þráðlausum beini í herbergjum þar sem fólk dvelst lengi.

Þessir heilsufarslegu áhættuþættir eru því víðast þekktir.  Með tilliti til þessara rannsókna er því aukning á notkun tækja sem þurfa þráðlausan beini í hæsta máta varasöm.

Fyrir rúmu ári eða þann 24 febrúar 2017 var haldin alþjóðleg ráðstefna hér á Íslandi í Reykjavík sem nefnd var „Börn, skjátími og þráðlaus örbylgjugeislun“. Á ráðstefnunni var samþykkt áskorun gegn þráðlausu neti í skólum.  Hún fær stuðning frá mörgum vísindamönnum og læknum víðsvegar að úr heiminum.  Hér á eftir heyrið þið úrdrátt úr áskoruninni:

„Við undirrituð höfum áhyggjur af heilbrigði og þróun barna okkar í þeim skólum þar sem þráðlaus tækni er notuð í kennslu.

Margar vísindalegar rannsóknir hafa sýnt fram á að langtíma berskjöldun gagnvart hátíðnigeislun frá þráðlausum tækjum og staðarneti, hafi töluverðar heilsufarslegar áhættur í för með sér og þær byrji m.a.s. langt undir ráðlögðum viðmiðum alþjóðlegu nefndarinnar um „ójónandi geislun“ ICNIRP. (International Commission on Non-Ionizing Radiation Protection).

Við krefjumst þess að tilheyrandi opinberar stofnanir taki ábyrgð á velferð og framtíð barna okkar. [...]

Við krefjumst þess að skólayfirvöld allra landa upplýsi sig um mögulegar áhættur á hátíðnigeislun á börn í uppvexti og þroska þeirra. Að nota beintengda tækni í stað þráðlausrar við kennslu er öruggasta lausnin, andstætt áhættusamri berskjöldun gagnvart

geislun þráðlausra tækja.

Við hvetjum ykkur til þess að notast við ALARA- meginregluna (ALARA er ensk stytting á „As low As Reasonably Achievable“ eða á íslensku „eins lágt og skynsamlega er mögulegt,“ samkvæmt ályktun Evrópuráðsins nr. 1815 og gera þannig allar viðeigandi ráðstafanir til þess að minnka berskjöldun gegn hátíðnigeislun.

Þetta var úrdrátturinn úr áskoruninni.  Með því að dreifa þessari útsendingu hjálpið þið til við að vekja athygli á heilsufarslegum hættum í skólastofum.

**eftir brm./and.**

### Heimildir:

Artikel von P. Hensinger / I. Wilke, 2016:„Mobilfunk: Neue Studienergebnisse bestätigen Risiken der nicht-ionisierenden Strahlung“

Presseinfo des Umweltbundesamt, Nr 26/2013:„Nichts für Kindernasen: Dicke Luft in Schul- und Wohnräumen“
www.diagnose-funk.org/publikationen/artikel/detail&newsid=1181

### Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#5G-ISL - www.kla.tv/5G-ISL

### Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...

- ➔ það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- ➔ fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- ➔ reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

### Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.